

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

19. desember 2025
UOS2501512/S.M.

Reglubundið eftirlit – Aflagður urðunarstaður Sveitafélagsins Hornafjarðar – ID 41

Þann 18. nóvember 2025 fór fram reglubundið eftirlit með aflögðum urðunarstað Sveitafélagsins Hornafjarðar í Svínafelli í Öræfum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávík kom fram er varðar:

1. **Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Rekstraraðili skal skrá upplýsingar, sbr. lista í gr. 1.7, og skila niðurstöðunum fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili hefur ekki skilað skráningum vegna ársins 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlun berist stofnuninni eigi síðar en 16. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur